



**Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands**

Á fjölskyldusamkomu í félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn mánudaginn 10. september afhenti forseti Íslands eftirtöldum ungmennum úr Norður-Þingeyjarsýslu viðurkenningarskjölin „**Hvatningu forseta Íslands til ungra Íslendinga.**“

**Aðalbjörn Jóhannsson 9 ára, Víðilundi, Öxarfirði.** Hann hefur þrútt fyrir ungan aldur sýnt mikið hugrekki, þolinmæði og dugnað í erfiðum veikindum. Hann hefur ekki látið deigan síga heldur fylgt jafnöldrum sínum í hvívetna og sýnt öðrum gott fordæmi.

**Arnar Þór Geirsson 7 ára, Kópaskeri.** Hann hefur tekist á stuttri skólagöngu að ná framúrskarandi árangri bæði í félagslegum þroska og skilað sínu námi eins og best var á kosið.

**Freydís Rósa Vignisdóttir 8 ára, Gilsbakka, Öxarfirði.** Hún hefur sýnt dugnað, einbeittan vilja og hæfni til náms eftir að hafa lent í ýmsum erfiðleikum. Hún er dæmi um nemanda sem sinnir námi af einstakri kostgæfni.

**Heiða Ösp Árnadóttir 13 ára, Raufarhöfn.** Hún hefur staðið sig vel í námi, er dugleg og samviskusöm, er til fyrirmyndar hvað hegðun og ástundun varðar og sýnir vönduð og góð vinnubrögð.

**Hjalti Guðmundsson 16 ára, Fjöllum, Kelduhverfi.** Hann hefur sýnt góðan árangur í íþróttum, knattspyrnu og frjálsum íþróttum. Hann hefur sýnt góðan félagslegan þroska, sjálfstæði og dugnað.

**Hrönn Guðmundsdóttir 16 ára, Kópaskeri.** Hún hefur sýnt frábæran árangur bæði í verklegum og bóklegum greinum. Hún er samviskusöm, nákvæm og metnaðarfull í því sem hún tekur sér fyrir hendur í vinnu og skóla.

**Sandra Huld Helgudóttir 12 ára, Kópaskeri.** Hún hefur átt við lestrarörðugleika að stríða sem hafa háð henni í námi. Hún hefur sýnt einurð og mikinn vilja til að takast á við þetta nokkuð algenga vandamál.

**Sigurður Örn Óskarsson 14 ára, Raufarhöfn.** Hann hefur sýnt afburða námshæfileika, sérstaklega í stærðfræði og ensku. Hann er einnig mikill áhugamaður um knattspyrnu.

**Sædís Jana Jósóttir 14 ára, Raufarhöfn.** Hún er með afbrigðum samviskusamur og góður nemandi og leggur hart að sér í hverju sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún hefur sýnt góðan félagslega þroska og dugnað og er mikill hestaáhugamaður.